Reykjavíkurborg
borgarlögmaður

Reykjavík, 8. september 2017
R17090071

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Trúnaðarskylda borgarfulltrúa

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu sveitarstjórnarmenn gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Í ákvæði 2. mgr. 24. gr. sömu laga er kveðið á um að sveitarstjórnarmönnum beri að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Þeim beri í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum. Í því felst m.a. að þegar borgarfulltrúi tekur sæti í ráði eða nefnd á vegum Reykjavíkurborgar ber honum að taka upplýsta og vandaða ákvörðun í þeim málum sem fyrir ráðinu eða nefndinni liggja, sbr. meginreglu stjórnsýsluréttarins um rannsóknarskyldu stjórnvalda. Sér þeirrar reglu m.a. stað í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en lögin gilda þegar stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Á borgarfulltrúum hvílir því sú skylda að setja sig vel inn í mál sem þeir fjalla um á nefndar- og ráðsfundum. Er þeim m.a. vegna starfa sinna tryggður réttur til að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn, sbr. 1. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga. Þrátt fyrir að ákvæðið tiltaki einungis sveitarstjórn nær þessi réttur einnig til starfa borgarfulltrúa í ráðum og nefndum sem starfa í umboði borgarstjórnar. Í þeirri skyldu borgarfulltrúa að setja sig vel inn í mál sem þeir fjalla um í störfum sínum felst einnig skylda til að leita álits og ráðgjafar stofnana og sérfræðinga Reykjavíkurborgar, eins og þörf er á, um staðreyndir og faglegt mat á valkostum svo þeir geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun.

Varðandi heimildir borgarfulltrúa til að leita ráðgjafar utan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar verður að gera greinarmun á því hvers eðlis hugsanleg trúnaðarskylda borgarfulltrúans er í tilteknum málum. Annars vegar getur trúnaðarskyldan hvílt á sérákvæðum í lögum. Má þar sem dæmi nefna lokamálsgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem kveður á um að allir þeir sem vinni að barnavernd skuli gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af, ákvæði 60. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga sem kveður m.a. á um að fulltrúum í félagsmálanefndum, hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi, sé óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans, reglur fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 sem kveður á um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsleg

málefni einstaklinga sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Sömuleiðis gildi það um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Í slíkum tilvikum er borgarfulltrúa óheimilt að ræða efni viðkomandi máls við aðra en þá sérfræðinga og aðra starfsmenn sem starfs síns vegna hafa aðgang að upplýsingum um viðkomandi mál.

Hins vegar getur trúnaðarskyldan hvílt á hinni almennu trúnaðarskyldu sem kveðið er á um í áður tilvitnuðu ákvæði 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga. Málefni sem þar geta fallið undir eru t.d. þegar það fer gegn hagsmunum Reykjavíkurborgar eða þriðja aðila, sem á í samskiptum við Reykjavíkurborg, að tilteknar upplýsingar séu t.d. gerðar opinberar strax eða áður en ákvörðun er tekin í tilteknu máli. Í slíkum tilvikum verður ekki talið að algjört bann sé við því að borgarfulltrúi leiti sjálfstæðrar ráðgjafar til undirbúnings ákvarðanatöku telji hann þörf á því. Hafa ber þó í huga þá meginreglu að sérfræðingar og stofnanir Reykjavíkurborgar eru til ráðgjafar í slíkum málum. Kjósi borgarfulltrúi að leita sjálfstæðrar ráðgjafar utan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar á meðan mál hefur ekki enn verið gert opinbert gerir hann það að viðlagðri pólitískri ábyrgð.

Kristbjörg Stephensen